

KJARASAMNINGUR

**Félags íslenskra hljómlistarmanna
FÍO/Organistadeildar FÍH
og
Launanefndar Þjóðkirkjunnar**

16. apríl 2008

Gildissvið

Samningur þessi tekur til organista hjá sóknum, sem eru aðilar að launanefnd Þjóðkirkjunnar og eru fullgildir félagar í FÍO/Organistadeild Félags íslenskra hljómlistarmanna og eru þeir nefndir félagsmenn í samningi þessum.

Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2008 til 31. mars 2009 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Efnisyfirlit

	Bls.
1. Kaup - launatafla - röðun í launaflokka og launaprep	3
2. Mat á starfi organista	5
3. Vinnutími - frihelgar	6
4. Ráðning og starfslýsing	6
5. Orlof	7
6. Ferðir og gisting	8
7. Laun í veikinda og slysaforföllum	9
8. Slysaftryggingar	10
9. Vinnuföt og tjónabætur	11
10. Fræðslumál	12
11. Fæðingarorlof	12
12. Um sjúkra-, orlofs- og lífeyrissjóð	12
13. Félagsgjöld og starfsmenntunarsjóður	13
14. Uppsögn úr starfi	13
15. Áunnin réttindi	13
16. Samráðsnefnd	13
17. Gildistími	14

1. Kaup

- .1 Mánaðarlaun organista sem gegnir fullu starfi, skulu frá 1. febrúar 2008 greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu:

	Grunnur	1-2,5%	2-5%	3-7,5%	4-10%	5-12,5%	6-15%	7-17,5%	8-20%
1	221.500	227.038	232.575	238.113	243.650	249.188	254.725	260.263	265.800
2	228.145	233.849	239.552	245.256	250.960	256.663	262.367	268.070	273.774
3	234.989	240.864	246.739	252.614	258.488	264.363	270.238	276.112	281.987
4	242.039	248.090	254.141	260.192	266.243	272.294	278.345	284.396	290.447
5	249.300	255.533	261.765	267.998	274.230	280.463	286.695	292.928	299.160
6	256.779	263.199	269.618	276.038	282.457	288.877	295.296	301.716	308.135
7	264.483	271.095	277.707	284.319	290.931	297.543	304.155	310.767	317.379
8	272.417	279.227	286.038	292.848	299.659	306.469	313.280	320.090	326.900
9	280.590	287.604	294.619	301.634	308.649	315.663	322.678	329.693	336.707
10	289.007	296.232	303.458	310.683	317.908	325.133	332.358	339.584	346.809
11	297.677	305.119	312.561	320.003	327.445	334.887	342.329	349.771	357.213
12	306.608	314.273	321.938	329.603	337.269	344.934	352.599	360.264	367.929
13	315.806	323.701	331.596	339.491	347.387	355.282	363.177	371.072	378.967
14	325.280	333.412	341.544	349.676	357.808	365.940	374.072	382.204	390.336
15	335.039	343.415	351.791	360.167	368.542	376.918	385.294	393.670	402.046
16	345.090	353.717	362.344	370.972	379.599	388.226	396.853	405.480	414.108
17	355.442	364.329	373.215	382.101	390.987	399.873	408.759	417.645	426.531
18	366.106	375.258	384.411	393.564	402.716	411.869	421.022	430.174	439.327

1.2 Röðun í launaflokka

- 07 Tónlistarmenntun ótalin annars staðar
- 08 Tónmenntakennari eða sambærileg menntun
- 09 Miðstig í orgelleik
- 10 Framhaldsstig í orgelleik
- 13 Kirkjuorganistapróf (eða kantorspróf fyrir 2008 eða þýskt B kirkjutónlistarpróf eða sambærilegt
- 14 Einleiksáfangi (burtfararpróf) í orgelleik (fyrir 2008)
- 15 BA í kirkjutónlist (kantorspróf frá 2008) eða sambærilegt
- 16 Meistarapróf í kirkjutónlist (einleikarpróf í orgelleik eða þýskt A kirkjutónlistarpróf) eða sambærilegt
- 18 Doktorsgráða í orgelleik eða kirkjutónlist

1.3 Röðun í launaþrep

- 30 ára aldur: + 1 launaþrep
- 40 ára aldur + 1 launaþrep
- 45 ára aldur + 1 launaþrep
- 50 ára aldur + 1 launaþrep
- Fyrir mikla færni í starfi: + 1 launaþrep
- Fyrir umfangsmikið tónlistarstarf í kirkjunni: + 1 launaþrep
- Fyrir reglulega starfsemi sem einleikari, annað en í heimakirkju: + 1 launaþrep
- Fyrir reglulega ástundun endurmenntunar í faginu t.d námskeið á vegum Tónskóla Þjóðkirkjunnar: + 1 launaþrep.

Sem dæmi um atriði er horfa má til við röðun í launaþrep:

Æskulýðsstarf
Samverur ýmissa hópa sem tengjast kirkjunni
Tímabundin námskeið, t.d. vornámskeið barna
Fyrirlestrar og fræðsla
Sóknarnefndarfundir
Starfsmannaráð

Listvinafélag/Kirkjufélag
Héraðsfundur
Samráðsfundur organista t.d. í prófastsdæminu
Kórstjórnarfundir/Foreldrafélag barnakórs
Fundir á vegum söngmálastjóra
Nefndarstörf – á vegum sókna, prófastsdæmis, söngmálastjóra, kirkjufyrvalda o.þ.h.
Gerð messuskrár
Gerð fréttabréfs
Skipulag tónleika utanaðkomandi aðila
Val hljóðfæra og viðhald þeirra
Umsjón með hljómtækjum
Kirkjuklukkan (klukkuspil)
Nótnasafn

1.4 Skilgreining á dagvinnutíma (reikningsstuðull)

Þegar unninn er 8 stunda vinnudagur reglubundið, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma

1.5 Tímakaup í dagvinnu

Tímavinnukaup í hverjum launaflokki er 0,615% af mánaðarlaunum organista.

1.6 Tímakaup í yfirvinnu

Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum. Heimilt er að semja sérstaklega um fasta þóknun fyrir yfirvinnu.

1.7 Desemberuppbót

Organisti sem hefur verið í fullu starfi allt árið hjá sama vinnuveitanda og eru við störf í síðustu viku nóvember eða í fyrstu viku desember skal eigi síðar en 15. desember ár hvert fá greidda sérstaka eingreiðslu, desemberuppbót. Organisti í hlutastarfi sem uppfyllir sömu skilyrði skal fá greitt hlutfallslega. Uppgjörstímabilið er almanaksárið, en fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Organisti með skemmri starfstíma skal fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn. Desemberuppbót er föst tala og tekur ekki breytingum samkvæmt öðrum ákvæðum.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2008 kr. 50.000.

Láti organisti af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelld starf á orlofsárinu skal hann við starfslok fá greidda desemberuppbót og/eða orlofsuppbót vegna áunnins tíma miðað við starfshlutfall og starfstíma á árinu. Sama gildir þótt organisti sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna lögbundins fæðingarorlofs.

1.8 Reglur um kaupgreiðslur

Útborgun launa skal fara fram mánaðarlega fyrsta virka dag eftir að mánuði þeim lýkur sem laun eru greidd fyrir.

Organisti skal fá launaseðil við hverja útborgun þar sem greiðslan er sundurliðuð, svo sem í dagvinnu og yfirvinnu og unnar stundir í yfirvinnu greindar. Einnig verði allur frádráttur sundurliðaður.

Öll yfirvinna skal greidd eftir á fyrir hvern mánuð eða hverja þrjátíu daga og komi til útborgunar eigi síðar en 15 dögum eftir síðasta dag reikningstímabilsins. Sama gildir um greiðslu fyrir yfirvinnu á veikindatímabili.

1.9 Hækkanir á samningstíma

Launatafla skv. gr. 1.1. taki þeim hækkunum sem hér segir:

1. janúar 2009 3,5%

2.0 Mat á starfi organista

Kirkja með:	Messu hvern helgan dag (hámark 60 messur á ári)	Þrjár messur í mánuði	Tvær messur í mánuði	Eina messu í mánuði
Messan	4 klst. á viku	3 klst. á viku	2 klst. á viku	1 klst. á viku
Æfing á orgel þ.m.t. með einsöngvara, einleikara	7 klst. á viku	5:15 klst. á viku	3:30 klst. á viku	1:45 klst. á viku
Kóræfing	4 klst. á viku	4 klst. á viku	4 klst. á viku	4 klst. á viku
Undirbúningur fyrir kóræfingu	3 klst. á viku	2:15 klst. á viku	1:15 klst. á viku	45 mín. á viku
Kóræfing fyrir messu og undirbúning hennar	1 klst. á viku	45 mín. á viku	30 mín. á viku	15. mín. á viku
Annað, svo sem: Fundur með prest/Tón æft	1 klst. á viku	45 mín. á viku	30 mín. á viku	15. mín. á viku
Samtals	20 klst. á viku = 50% laun	17 klst. á viku = 42,5% laun	12:45 klst. á viku = 32% laun	8 klst. á viku = 20% laun
Viðvera fyrir presta, sóknarbörn og fleiri	4 klst. á viku	4 klst. á viku		
Stjórnun og umsjón	2 klst. á viku	2 klst. á viku		
Samtals	26 klst. á viku = 65% laun	23 klst. á viku = 57,5% laun	12:45 klst. á viku = 32% laun	8 klst. á viku = 20% laun

Fyrir kirkjur þar sem messað er sjaldnar en einu sinni í mánuði er hægt að nota sömu formúlu og hér að ofan. Kirkja með 6 messur á ári ræður organista á 15% launum enda æfi kórin alltaf einu sinni í viku.

Leiki organisti við fleiri messur en samningur þessi gerir ráð fyrir (samkv. gr. 2..1 Mat á starfi organista) skal greiða honum 5 klst á hverja athöfn á yfirvinnukaupi sem reiknast sem 1.0385 % af mánaðarlaunum hans á klukkustund.

a) Sunnudagaskóli

Ef organisti leikur í sunnudagaskóla hvern sunnudag í allt að átta mánuði á ári skal greiða honum sem svarar 4 klst. á viku á ársgrundvelli = 10% laun. Sunnudagaskóli sem er hálfsmánaðarlega: Tvo tíma á ársgrundvelli = 5% laun.

b) Barnakór/Bjöllukór

Sé starfræktur barnakór eða bjöllukór sem organisti sinnir að fullu og starfar í 8 mánuði eða lengur á ári, skal greiðast á ársgrunni 7 klst. á viku = 17,5%.

c) Bænastundir/Tíðagjörð:

Greiða skal organista 2 klst. á viku á ársgrundvelli fyrir hvert skipti séu þær vikulega í allt að 8 mán. á ári = 5% laun.

d) Kórtónleikar / aukaæfingar:

Séu sér tónleikar einu sinni til tvisvar á ári færri organisti greiddar 6 klst. vikulega = 15% laun. Séu tónleikar oftari en tvisvar á ári skal lágmarksviðbót vera 5 klst. á viku = 12.5% laun.

3.0 Vinnutími

3.1 Vinnutími organista

Vinnutíminn er ekki eingöngu bundinn dagvinnu heldur ákveðnum æfingum og atburðum (messum og helgistundum) sem eru á kvöldin og um helgar. Tillit er tekið til þessa í mati á starfi sbr. gr.2.1.

3.2 Frihelgar

Organisti í fullu starfi á rétt á fríi fjóra sunnudaga á ári utan orlofs, tveir skulu teknir í byrjun árs og tveir að hausti. Eru þeir ákveðnir árlega í samráði við sóknarprest og settir í starfsáætlun sóknarinnar. Organisti í hlutastarfi fær hlutfallslega sama rétt.

3.3 Lágmarkshvöld

Almennar reglur gilda um hvíldartíma og skipulag vinnutíma.

4. Ráðning og starfslýsing

4.1 Organisti er ráðinn af sóknarnefnd.

Organisti er samstarfsmaður sóknarprests og presta safnaðarins. Organisti er tónlistarstjóri safnaðarins og stjórnandi kirkjukórs. Organisti er ábyrgur gagnvart sóknarnefnd. Á verksviði hans er m.a. eftirfarandi:

- a) Að ráða og þjálfa fólk til starfa í kirkjukór og leika undir og stjórna almennum kirkjusöng við guðspjónustur safnaðarins.
- b) Að vera sóknarnefnd til ráðuneytis um tónleikahald og tónlistarlíf í söfnuðinum.
- c) Að vera sóknarnefnd til ráðuneytis um kaup hljóðfæra og að hafa yfirumsjón með viðhaldi þeirra.
- d) Að í samráði við sóknarnefnd móta tónlistarlíf og halda tónleika í kirkju safnaðarins.
- e) Að standa fyrir öðru tónlistarlífi innan safnaðarins en að framan greinir eftir nánara samkomulagi við sóknarnefnd.
- f) Að gera ár hvert gera starfs- og fjárhagsáætlun vegna starfs síns og leggja fyrir sóknarnefnd.

Að öðru leyti vísast til starfsreglna um organista nr. 823/1999 og skilgreiningar í starfslýsingu, sem sóknarnefnd setur honum.

4.2 Starfsmannaviðtal - launaviðtal

Við ákvörðun launa milli vinnuveitanda og organista, skulu laun endurspeglar vinnuframlag, hæfni, menntun og færni viðkomandi organista svo og innihald starfsins og þá ábyrgð sem starfinu fylgir. Gæta skal ákvæða jafnréttislaga við launaákvæðanir.

Organisti á rétt á starfsmannaviðtali við vinnuveitanda einu sinni á ári um störf sín. Í framhaldi af starfsmannaviðtali á organisti rétt á launaviðtali um hugsanlega breytingu á starfskjörum. Leitast skal við að niðurstaða viðtalsins liggja fyrir innan mánaðar.

5.0 Orlof

5.1 Orlofsréttur

Lágmark orlofs skal vera 24 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupí, hvort sem er fyrir dagvinnu, eftirvinnu eða yfirvinnu. Við útreikning orlofs skal nota deilitöluna 21,67 (laugardagar ekki meðtaldir). Fyrstu 5 laugardagar teljast ekki til orlofs.

(Varðandi orlofslaun, skoðist sá fastur organisti sem hefur minnst eins mánaðar uppsagnarfrest).

5.2 Orlofstaka utan orlofstímabils

Þeir sem skv. ósk vinnuveitanda fá ekki sumarfrí á þeim tíma sem lög gera ráð fyrir að sumarfrí sé almennt tekið, þ.e. á tímabilinu frá 2. maí til 15. september ár hvert, skulu fá 25% lengingu á þann hluta orlofs sem veitt er utan ofangreinds tíma eða greiðslu sem því nemur.

5.3 Orlofsauki

Eftir 5 ár í starfi skal organisti hafa 25 daga orlof og skulu orlofslaun vera 10,64%. Eftir 5 ár í sömu sókn skal organisti hafa 26 daga orlof og skulu orlofslaun vera 11,11%. Eftir 10 ár í starfi skal organisti hafa 29 daga orlof og skulu orlofslaun vera 12,55%. Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2009 breytast 29 dagar í 30 daga og 26 dagar í 27 daga. (Réttur þessi tekur gildi 1. maí 2008 þannig að hærri orlofsprósenta er greidd frá þeim tíma en dagurinn kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008).

Áunninn réttur vegna starfa hjá sama vinnuveitanda endurnýjast eftir þriggja ára starf hjá nýju fyrirtæki, enda hafi hann verið sannreynður.

Heimilt er að veita orlof umfram 20 daga að vetri og skal samið um það sérstaklega.

5.4 Veikindi í orlofi

Veikist organisti í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það vinnuveitanda. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Sama gildir ef organisti veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (1 eða fleiri daga). Fullnægi organistinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal organisti ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma sem organisti óskar og skal veitt á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

5.5 Ákvörðun orlofstöku

Atvinnurekandi ákveður í samráði við organista hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum organista um hvenær orlof skuli veitt að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar.

5.6 Orlofsuppbót

Organisti sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár og er í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, kr. 15.900.- frá 1. maí 2004 miðað við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Fullt starf telst í þessu sambandi 46 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30.apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008 verði orlofsuppbót kr. 23.400.

Uppbótin greiðist þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelldt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30. apríl eða eru í starfi fyrstu viku í maí.

Orlofsuppbót innifelur orlof, eru föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum.

Áunna orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar.

5.7 Áunnar orlofs- og desemberuppbætur í fæðingarorlofi

Eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna lögbundins fæðingarorlofs til starfstíma við útreikning desember- og orlofsuppbótar. Sama gildir ef kona þarf af öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

5.8 Frí gegn orlofs- og desemberuppbótum

Heimilt er með samkomulagi milli organista og vinnuveitanda að fella niður eða lækka orlofs- og/eða desemberuppbót og veita samsvarandi frí í staðinn, sem tekur mið af launum hvers og eins. Frí þetta skal veita í heilum eða hálfum dögum.

5.9 Orlofslög

Að öðru leyti fer um orlof skv. lögum um orlof nr. 30/1987.

6.0 Ferðir og gisting

6.1 Ferðakostnaður

Þegar organisti er sendur til starfa á vegum vinnuveitanda utan umsamins fasts vinnusvæðis skal auk launa greiða honum útlagðan kostnað. Á ferðalögum erlendis gilda reglur ferðakostnaðarnefndar ríkisins, hafi ekki verið samið um annað.

6.2 Ferðakostnaður samkvæmt reikningi

Kostnaður vegna ferðalaga á vegum vinnuveitanda skal greiðast eftir reikningi enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Sama gildir ef hluti vinnudags er unninn svo langt frá föstum vinnustað að organisti þarf að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar.

6.3 Uppgjör ferðakostnaðar

Um uppgjör ferðakostnaðar, þar með talið akstursgjald, fer eftir sömu reglum og um uppgjör yfirvinnu.

6.4 Dagpeningar

Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum, sé um það samkomulag eða ekki unnt að leggja fram reikninga. Dagpeningar á ferðalögum skulu m.v. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hafi ekki verið samið um annað.

6.5 Aksturskostnaður

Noti organisti eigin bifreið við starf skal greitt fyrir það samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar um kílómetragjald, hafi ekki verið samið um annað.

7.0 Laun í veikinda og slysaförföllum

7.1 Laun í veikinda- og slysaförföllum á fyrsta ári

Launagreiðslum til organista í veikindaforföllum þeirra hjá sama vinnuveitanda, skal á 1. ári haga þannig að tveir dagar greiðast fyrir hvern unninn mánuð.

7.2 Laun í veikinda- og slysatilfellum eftir eitt ár

Launagreiðslu til organista í veikindaforföllum þeirra sem unnið hafa hjá sama vinnuveitanda í eitt ár eða meira skal haga þannig:

- Eftir 1 árs starf hjá sama vinnuveitanda 2 mánuði á hverjum 12 mánuðum,
- eftir 5 ára starf hjá sama vinnuveitanda 4 mánuði á hverjum 12 mánuðum,
- eftir 10 ára starf hjá sama vinnuveitanda 6 mánuði á hverjum 12 mánuðum.

Þó skal organisti sem áunnið hefur sér réttindi til 4 eða 6 mánaða launagreiðslna í veikindaforföllum hjá síðasta vinnuveitanda og skiptir um vinnustað eiga rétt til launagreiðslna um eigi skemmri tíma en í 2 mánuði á hverjum 12 mánuðum.

7.3 Sjúkrakostnaður

Við vinnuslys kosti vinnuveitandi flutning hins slasaða til heimilis eða sjúkrahúss og endurgreiði honum eðlilegan útlagðan sjúkrakostnað í hverju tilfelli, annan en þann, sem almannatryggingar greiða.

7.4 Launagreiðslur í vinnuslysa- eða atvinnusjúkdómstilfellum

Í hverju vinnuslysa- eða atvinnusjúkdómstilfelli sem orsakast við vinnuna eða af henni, eða flutnings til og frá vinnustað, greiði viðkomandi vinnuveitandi laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði skv. þeim taxa sem organisti er á þegar slys eða sjúkdóm ber að, enda gangi dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna þessara daga til vinnuveitanda. Ákvæði þessarar málsgreinar rýra ekki frekari rétt launþega, sem þeir kunna að eiga skv. lögum eða öðrum kjarasamningum.

7.5 Læknisvottorð

Ef organisti veikist og getur af þeim sökum eigi sótt vinnu, skal hann þegar tilkynna það yfirboðara sínum sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist. Krefjast má vottorðs frá trúnaðarlækni vinnuveitanda. Vinnuveitandi greiðir læknisvottorð sé framangreindum skilyrðum fullnægt.

7.6 Starfshæfnisvottorð

Organisti sem verið hefur óvinnufær vegna veikinda eða slysa samfellt í 1 mánuð eða lengur, má ekki hefja starf að nýju nema læknir votti að heilsa hans leyfi. Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis hlutaðeigandi sóknar.

7.7 Veikindi barna og leyfi af óviðráðanlegum ástæðum

Foreldri skal eftir fyrsta starfsmánuð, heimilt að verja samtals 7 vinnudögum á hverju tólf mánaða tímabili, til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið, og halda dagvinnulaunum sínum, svo og föstum greiðslum þar sem það á við. Eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda er foreldrum með sama hætti heimilt að verja samtals 10 vinnudögum til aðhlyningar börnum sínum undir 13 ára aldri.

Það er sameiginlegur skilningur aðila, að með foreldri sé einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

Organisti á rétt á leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar (force majeure) og brýnar fjölskylduástæður er að ræða vegna sjúkdóms eða slyss sem krefjast tafarlausrar nærveru organista.

Organisti á ekki rétt á launum frá vinnuveitanda í framangreindum tilfellum, sbr. þó ákvæði 1. mgr.

7.8 Aðbúnaður og hollustuhættir

Varðandi ákvæði um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er vísað í lög þess efnis nr. 46/1980.

8.0 Slysatryggingar

8.1 Vátryggingaskylda atvinnurekanda

Skyld er atvinnurekanda að vátryggja organista það, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tíma bundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef organisti hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en vátryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.

8.2 Gildissvið

Vátrygging gildir í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum atvinnurekanda.

8.3 Önnur vátryggingaákvæði

Vátryggingin skal ná til slysa, er verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki, enda hafi slíkt farið fram á vegum atvinnurekanda eða organistafélags og ætlast sé til þátttöku í slíkri iðkun sem hluti af starfi organista. Ekki skiptir máli að þessu leyti hvort slysið verður á hefðbundnum vinnutíma eða utan hans. Undanskilin eru slys er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflogi, teygjustökki, fjallaklifri sem krefst sérstaks búnaðar, bjargsigi, froskköfun og fallhlífastökki.

8.4 Slys vegna notkunar á skráningarskyldum ökutækjum

Vátryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss, sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og er bótaskyld skv. lögboðinni ökutækjatrýggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda skv. umferðarlögum.

8.5 Gildistími vátryggingar

Vátryggingin tekur gildi gagnvart organista þegar hann hefur störf fyrir atvinnurekanda (fer á launaskrá) og fellur úr gildi þegar hann hættir störfum.

8.6 Vísitala og vísitölutenging bóta

Vátryggingafjárhæðir miðast við vísit ölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir frá 1. febrúar 2008 (282,6 stig) og breytast 1. dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar.

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hér segir: Bótafjárhæðir breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til uppgjörsdags.

8.7 Dánarbætur

Valdi slys dauða vátryggðs innan þriggja ára frá slysdegi, greiðast rétthafa dánarbætur að frádregnum þegar útgreiddum bótum fyrir varanlega læknisfræðilega örorku vegna sama slyss.

8.8 Um dánarbætur

Dánarbætur verða frá 1. febrúar 2008:

1. Til eftirlifandi maka skulu bætur nema kr. 5.000.000. Með maka er átt við einstakling í hjúskap, staðfestri samvist eða í skráðri óvígðri sambúð með hinum látna.
2. Til hvers ólöggráða barns sem hinn látni fór með forsjá með eða greiddi meðlag með samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 skulu bætur vera jafnháar heildarfjárhæð barnalífeyris skv. almanna-tryggingalögum hverju sinni, sem það hefði átt rétt til vegna andlátsins til 18 ára aldurs. Um er að ræða eingreiðslubætur. Við útreikning bóta skal miðað við fjárhæð barnalífeyris á dánardegi. Bætur til hvers barns skulu þó aldrei nema lægri fjárhæð en kr. 2.000.000. Skulu bætur til barna greiddar út til þess sem fer með forsjá þeirra eftir andlát vátryggðs. Til hvers ungmennis á aldrinum 18-22 ára, sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans skulu bætur vera kr. 500.000. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns eða ungmennis hækka bætur um 100%.
3. Hafi hinn látni sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára eða eldri, skal hið eftirlifandi foreldri eða foreldrar sameiginlega fá bætur er nema kr. 500.000.
4. Eigi hinn látni ekki maka skv. tölulíð 1. greiðast dánarbætur kr. 500.000. til dánarbús hins látna.

8.9 Bætur vegna varanlegrar örorku

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli læknisfræðilegar afleiðingar slyss. Skal varanleg örorka metin til stiga samkvæmt töflu um miskastig, sem gefnar eru út af Örorkunefnd og skal matið miðast við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt.

Grunnfjárhæð örorkubóta er kr. 11.400.000.

Bætur vegna varanlegrar örorku skulu reiknast þannig að fyrir hvert örorkustig frá 1-25 greiðast kr. 114.000, fyrir hvert örorkustig frá 26-50 greiðast kr. 228.000, fyrir hvert örorkustig frá 50-100 greiðast kr. 456.000.

Bætur vegna 100% varanlegrar örorku eru því kr. 31.350.000.

Örorkubætur skulu jafnframt taka mið af aldri tjónþola á slysdegi þannig að bætur lækki um 2% fyrir hvert aldursár eftir 50 ára aldur. Eftir 70 ára aldur lækki bætur um 5% af grunnfjárhæð fyrir hvert aldursár. Aldurstenging örorkubóta skal þó aldrei leiða til meiri skerðingar en 90%.

8.10 Bætur vegna tímabundinnar örorku

Valdi slys tímabundinni örorku skal váttrygging greiða dagpeninga í hlutfalli við starfsorkumissinn fjórum vikum frá því slys átti sér stað og þar til organisti verður vinnufær eftir slysið eða þar til örorkumat hefur farið fram, þó ekki lengur en í 37 vikur.

Dagpeningar vegna tímabundinnar örorku eru kr. 25.000 á viku. Ef organisti er vinnufær að hluta greiðast dagpeningar hlutfallslega.

Dagpeningar úr váttryggingu greiðast til atvinnurekanda meðan organisti fær greidd laun samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi, en síðan til organista.

8.11 Tryggingafélög

Öllum atvinnurekendum ber að kaupa váttryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi sem fullnægir ofangreindum skilyrðum kjarasamningsins um slysatryggingar.

Að öðru leyti en tiltekið er í þessum kafla samningsins skulu gilda um trygginguna skilmálar viðkomandi tryggingafélags og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ofangreind ákvæði um slysatryggingar og nýjar bótafjárhæðir taka til slysa sem verða eftir 1. maí 2008.

8.12 Yfirlýsing vinnuveitenda

Hlutaðeigandi samtök vinnuveitenda lýsa því yfir, að þau muni beita áhrifum sínum fyrir því að félagsmenn þeirra váttryggi alla launþega og haldi váttryggingunni í gildi.

9.0 Vinnuföt og tjónabætur

9.1 Vinnufatnaður

Þar sem þörf er á sérstökum vinnufatnaði, að mati vinnuveitanda og organista, leggur vinnuveitandi til slíkan fatnað og þríf á honum, enda sé hann í eigu vinnuveitanda.

9.2 Váttryggingar- og tjónabætur

Verði organisti fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu svo sem úrum og gleraugum o.s.frv. skal það bætt skv. mati. Slíkt tjón verði einungis bætt ef það verður vegna óhappa á vinnustað. Eigi skal bæta slíkt tjón ef það verður vegna gáleysis eða hirðuleysis organista.

10.0 Fræðslumál

10.1 Starfsþjálfun

Organisti sem sækir fræðslu- eða þjálfunarnámskeið skv. heimild sóknarnefndar skal halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað skv. ákvæðum 6. kafla.

11.0 Fæðingarorlof

11.1 Um fæðingar- og foreldraorlof fer skv. lögum nr. 95/2000 um sama efni.

Skv. lögum um fæðingar- og foreldraorlof skal fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs skv. kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests. Sama gildir ef kona þarf af öryggisásæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

12.0 Um sjúkra-, trygginga-, orlofs- og lífeyrissjóð

12.1. Sjúkra- og tryggingasjóður

Vinnuveitandi skal greiða 1% af heildarlaunum organista í sjúkrasjóð FÍH stéttarfélags. Vinnuveitandi skal greiða kr. 2.100 í tryggingarsjóð FÍH sem er fagörorkutryggingasjóður. Greiðsal í Tryggingarsjóð hækka samkvæmt ákvæðum launaliðar samnings þessa.

- Sjá lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Ennfremur lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

12.2 Orlofssjóður

Vinnuveitendur greiði til Orlofsheimilásjóðs FÍH 0,25% af sama launastofni og lífeyrissjóðsiðgjöld eru reiknuð.

12.3 Lífeyrissjóðir

Iðgjöld til lífeyrissjóða reiknast skv. gildandi lögum og reglum. Sem stendur er hlutur organista 4% og móttframlag vinnuveitanda 8%

12.4 Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

Í þeim tilvikum sem organisti leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð 2 - 4%, greiðir vinnuveitandi 2% framlag á móti. Framlagið greiðist til séreignardeildar þess lífeyrissjóðs sem launþegi á aðild að, nema hann ákveði annað.

13.0 Félagsgjöld og starfsmenntunarsjóður

13.1. Innheimta félagsgjalda

Launagreiðandi innheimtir félagsgjöld fyrir FÍH. Félagsgjöld skulu innheimt mánaðarlega og skilað til félagsins fyrir 20. sama mánaðar. Innheimtu má þó haga með öðrum hætti en hér er ákveðið ef um það er samkomulag.

- Sjá lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks o.fl.-

13.2. Endurmenntunarsjóður

Vinnuveitendur greiða 1,72% af launum félagsmanna í endurmenntunarsjóð hjá FÍH og FT

14.0 Uppsögn úr starfi

14.1 Uppsagnarfrestur

Starfsuppsögn skal af beggja hálfu vera

- 1 vika á fyrstu þrem mánuðum, sem er reynslutími, en að honum loknum skal uppsagnarfrestur vera 1 mánuður á næstu þrem mánuðum.
- Eftir 6 mánaða starf skal uppsagnarfrestur vera 3 mánuðir.

Sé organista sagt upp eftir a.m.k. 10 ára samfelld starf hjá sama vinnuveitanda, er uppsagnarfrestur

- 4 mánuðir ef organisti er orðinn 55 ára,
- 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og
- 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára.

Organisti getur hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara.

14.2 Uppsögn sérkjara

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur sérkjara skal vera 3 mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg.

14.3 Framkvæmd uppsagna

Að reynslutíma loknum skal uppsögn vera skrifleg og bundin við mánaðamót.

15.0 Áunnin réttindi

Áunnin réttindi skulu haldast við endurráðningu innan eins árs. Á sama hátt skulu áunnin réttindi taka gildi á ný eftir eins mánaðar starf ef endurráðning verður eftir meira en eitt ár, en innan þriggja ára. Organisti sem unnið hefur eitt ár hjá sama vinnuveitanda, skal á sama hátt njóta áunninna réttinda á ný eftir 3 mánaða starf, ef til endurráðningar kemur eftir meira en þriggja ára starfshlé en þó innan 5 ára.

Samningur þessi raskar ekki kjörum þeirra sem betri réttarstöðu njóta samkvæmt eldri samningum.

16.0 Samráðsnefnd

Samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum vinnuveitenda og tveimur fulltrúum FÍH skal fjalla um álitamál sem upp kunnu að koma út af samningi þessum.


17.0 Gildistími


Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2008 til 31. mars 2009 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.


Reykjavík 16. apríl 2008

F.h. samninganefndar FÍO/Organista-
deildar FÍH með fyrirvara um samþykki
félagsmanna.


F.h. samninganefndar LP
með fyrirvara um samþykki
Launaneftdar Þjóðkirkjunnar.


Guðmundur Sigurðsson



Bjarni Kr. Grimsson



Douglas A. Brotchie


Guðrún S. Jakobsdóttir


Jóhann Baldvinsson


Jóhann E. Björnsson


Björn M. Arnason


Sigurgeir Steinnundsson